

Fundargerð 52. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 10. mars 2010 haldinn í Borgarbókasafni Reykjavíkur, kl. 9.00-11.00

Fundarmenn: Anna Sveinsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir (fundarritari) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður). Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri hjá Landskerfi bókasafna. Gunnhildur Loftsdóttir var fjarverandi.

1. Fundargerð 51. Rætt var um þýðingu á helstu hugtökum í RDA og kom fram tillaga um að bíða með þýðingar á meðan að málin eru að þróast en lagt til að hópvinna fari fram varðandi íslenskun helstu hugtaka. Einnig verður varpað fram hugmyndum á fræðslufundi skrásetjara. Fundargerðin var yfirfarin og samþykkt.
2. Rætt var um skráningu á rafrænu efni í Gegni og hvernig fara skal með efni sem kemur út samhliða prentað og rafrænt. Vinnuhópur um skráningu rafrænna gagna – Skráargatið – leggur til að skráðar verði tvær færslur í Gegni, ein fyrir útgáfu á pappír og önnur fyrir rafræna gagnið og rökstyður það með því að séu bæði formin saman í færslu hljóti annað að týnast í leit, þar sem aðeins er hægt að birta eina línu fyrir hverja færslu í „stuttlista“. Skráningarráð telur einnig að erfitt sé að koma til móts við þarfir notenda með öðru móti en að hafa tvær færslur. Mikil vinna er framundan við að skipta upp færslum þar sem prentað og rafrænt efni er í sömu færslunni og við endurskoðun á 856 sviðinu og leiðréttingar.
3. Forkönnun vegna innkomu Blindrabókasafnsins í Gegni var til umræðu en sérstakur vinnuhópur hefur skoðað efni BBÍ og unnið að mati á bókfræðiskráningu þess. Ef safnið ákveður að fá aðild að Gegni þarf að frumskrá stærstan hluta af safnkostinum. Efni BBÍ er að miklu leyti sambærilegt við rafrænt efni í Gegni og stefnt er að því að allt efni BBÍ verði rafrænt í framtíðinni.
4. Undanþágubeiðni vegna skráningarheimildar var hafnað og kom fram að skráningarnámskeið verður haldið í byrjun maí.
5. Rætt var um skráningu eintakamargra tímarita. Þessi timarit eins og t.d. Séð og heyrt, Vikan, Syrpa og fleiri eru tímafrek í tengingum, útlánnum og skilum. Það er ekki góð lausn að gera nýjar færslur um áramót, þó að það kunni að vera óhjákvæmilegt í einhverjum tilvikum – það eru ekki margir titlar sem kalla á fleiri færslur. Hér með er skorað á bókaverði að gera forðafærslur og að grisja eintök. Tímaritið Lifandi vísindi er greiniskráð

þannig að þar kemur það sér einkar illa að skuli þurfa að gera nýja færslu. Varðandi Vikuna ætlar Sigrún Hauks að athuga eintakafjölda og vélvirka grisjun gamla eintaka.

6. Önnur mál. Hildur ræddi um fyrirspurn varðandi kóðun í 007 sviðinu í MU færslum og hvort hægt sé að hafa sjálfgefið form fyrir dvd og geisladiska. Þetta verður skoðað á árinu. Sigrún Marels var með fyrirspurn varðandi greiniskráningu og spurði hvort hægt væri að bæta við undirtitli í \$n sviðinu í LKR. Eins og er þarf að setja inn undirtitil handvirkt. Sigrún Hauks ætlar að athuga þetta.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11 og næsti fundur ákveðinn 14. apríl